

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1200/2016, um húsnæðisbætur, með síðari breytingum.

1. gr.

Tafla í 13. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Fjöldi heimilismanna	Grunnfjárhæð húsnæðisbóta
1	389.520 kr.
2	515.172 kr.
3	603.132 kr.
4 eða fleiri	653.388 kr.

2. gr.

Tafla í 14. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Fjöldi heimilismanna	Frítækjumörk m.v. árstekjur
1	3.622.600 kr.
2	4.791.180 kr.
3	5.609.187 kr.
4 eða fleiri	6.076.620 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 4. mgr. 17. gr. og 4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 30. gr. laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, öðlast gildi 1. janúar 2018. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 359/2017, um breytingu á reglugerð nr. 1200/2016, um húsnæðisbætur, með síðari breytingum.

Velferðarráðuneytinu, 29. desember 2017.

Ásmundur Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.